

Nð.

346. Frumvörp

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Magnús Torfason.

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni vegna ákvæða 1. gr. skulu koma fullar bætur, eftir dómkvaddra manna mati, og vera árgjald. Skal atvinnumálaráðuneytið greiða bæturnar af hendi úr rikissjóði og hafa sent sýslumanni til ráðstöfunar fyrir 1. júlí ár hvert, en helming bótanna skulu þeir, er laxveiðirjett eiga í Ölfusá, endurgreiða rikissjóði, að tiltölu eftir veiðimagni samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan, sbr. þó 3. gr. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingum, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Þegar næst verða prestaskifti í Arnarbæli, falla niður bætur til ábúanda þeirrar jarðar fyrir missi selveiðinytja. En meðan núverandi prestur hefir ábúðarrjett á jörðinni, skulu bætur til hans greiddar að fullu úr rikissjóði, án endurgjaldsrjettar að helmingi frá laxveiðieigendum.

4. gr.

Ef laxveiði jarðar, er bætur hefir hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því, sem nú er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu

hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöddum mönnum til frádráttar bótunum, enda geri 3 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

5. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1928.

Greinargerð.

Ölfusá með þeim þverám, er í hana falla, mætti vera einhver fiskiauðugasta áin hjer á landi, ef rjett væri með farið. Nú er svo ástatt nm Ölfusá, að selalátur og selalagnir eru neðan til í ánni. Talið er af kunnugum mönnum, að í ósum Ölfusár haldi sig að staðaldri á annað þúsund selir. Má fara nærri um það, hvern usla sú selahjörð gerir í laxgöngunni. Í árósunum er laxinum nand-synlegt að hafa næði og sjálfráða göngu, þegar hann er að koma úr sjó. En þar sem selurinn liggur í árósunum, liggur hann í laxinum og fælir og eyðileggur göngu hans í ána. Þetta á sjer auðvitað stað nm allar ár, sem eins er ástatt um og hjer hefir verið lýst.

Í Ölfusá eru nú selalátur fyrir landi þessara jarða: Arnarbælis, Kaldaðarness og Hrauns í Ölfusi, og ank þess á Ósgerði, sem er einstakra manna eign, hlut í veiðinni fyrir Arnarbælislandi.

Presturinn í Arnarbæli er nú roskinn maður, og ættu því útlát ríkissjóðs að verða næsta lítil, enda hlunnindin lágt metin upp í heilmatekjur prests.

Mun láta nærri, að meðaltal veiddra kópa í ánni nemi um 200 síðustu árin; þar af alt að $\frac{2}{3}$ hjá Arnarbælispresti, sem einnig hefir leigt veiðirjett fyrir Kaldaðarneslandi fyrir litið gjald.

Ekki orkar tvímælis, að með tíð og tíma muni ríkissjóði aukast drjúgum tekjur af þessari ráðstöfun, beinlínis og óbeinlínis.

Nánar í framsögu.